

og í aðferðinni við niðurjöfnun slíkra gjalda, að það getur ekki verið umtalsmál að setja menn, sem koma í bæinn eða sveitina, eptir að hinni almennu árlegu niðurjöfnun er aflokið, sérstaklega í skatt, og skylda þá þannig til þess að greiða tillag til bæjar- eða sveitargjaldanna — — — — —

1868.
15. júní.

**26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Jóns Sigurðssonar
skjalavardar, um styrk handa jarðyrkjumanni.**

16. júní.

Yður skal hér með kunngjört, að dómsmálastjórnin samkvæmt bænarskrá yðar 16. f. m. hefir veitt Ólafi Björnssyni frá Staðarbakka í Húnavatnssýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, sem nú er á landbúnaðarskóla í Noregi, 100 rd. styrk í viðbót, til þess að ljúka af námi sínu á skóla þessum, og skal því við bætt, að hëðan er hlutast um, að yður verði borgað fê þetta úr aðalféhirzlu ríkisins.

**27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um borgun fyrir lækningu á frantzós.**

19. júní.

Með bréfi 30. marzmán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem farið er fram á, að greiða megi úr jafnaðarsjóði suðuramtsins kostnað þann, er gengið hefir til að lækna mann, sem hefir legið í frantzós í sjúkrahúsinu í Reykjavík, og hafð þér beiðzt úrlausnar dómsmálastjórnarinnar um, hvort að eigi að greiða kostnað þenna úr tæðum sjóði, eða að leitast við að fá hann endurgoldinn hjá sjúklingnum sjálfum og, ef til þess kemur, hjá framfærsluhreppi hans.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar

1868. og frekari framkvæmda, að kostnað þann, sem orsakast hefir af þessu, ber að greiða úr jafnaðarsjóði þeim, sem í hlut á.

20. júní. 28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipti á Víðidalsfjalli fyrir Fremstagil.

Með bréfi 27. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá Ásgeiri Einarssyni, eiganda Þingeyraklausturs í Húnavatnssýslu, þar sem hann lýsir yfir, að hann gangi að því að hafa jarðaskipti á Víðidalsfjalli, eign ríkissjóðsins, og jörðinni Fremstagili í Langadal eða annari jafngóðri jörð, með 20 hundraða dýrleika, sumpart með skilmálum þeim, sem settir eru í bréfi dómsmálastjórnarinnar til amtsins 24. aprílmán. f. á., það er að segja, að ef svo kynni að fara, að ríkissjóðurinn gæti ekki heimilað honum landið fyrir þá sök, að álitid er í dómi landsyfirrættarins á Íslandi 11. aprílmán. 1859, að nokkrar af Þingeyraklausturs umboðsjörðum eigi tilkall til selstöðu í Víðidalsfjalli, þá skuli skaðabæturnar fyrir heimildar-skortinn vera í því fölgunar, að jarðaskiptin rjúfist, án þess að gjört verði tilkall til neins peningagjalds úr ríkissjóðnum, sumpart með því skilyrði, að þegar ábúandaskipti verða á greindum umboðsjörðum, þá skuli með berum orðum tekið fram í byggingarbréfum hinna nýju leiguliða, að þeir megi ekki hafa í seli í fjallinu.

Útaf þessu eruð þér beðnir, herra amtmaður, að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að framkvæma jarðaskipti þessi með kjörum þeim, sem að framan er á vikið, og vonumst vör á síðan eptir skýrslu frá yður um það, sem gjörist í þessu efni. — Eitt fylgiskjal er sent aptur.